

6. gr.

54

Stjórnarráðið gefur út skrá, eftir tillögum heimspekideildar háskólans, yfir þau mannanöfn, er nú eru uppi, sem bönnuð skulu samkvæmt lögum þessum. Skrá þessi skal send öllum prestum landsins. Skráin skal gefin út á hverjum 10 ára fresti, að lokinni útgáfu hins almenna manntals.

27. júní

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, frá 100 til 500 kr., og skulu þær sektir allar renna til ríkissjóðs.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög nr. 41, 10. nóv. 1913, eru numin úr gildi, svo og önnur lagaákvæði, er komið geta í bága við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

LÖG

um

55

27. júní

sáttatilraunir í vinnudeilum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa sáttasemjara í vinnudeilum. Nefnd skipuð 11 mönnum skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Skal nefndin

55 skipuð 5 fulltrúum, er Alþýðusamband Íslands kýs, 5 fulltrúum, er allsherjar-
 27. júní fjelag vinnuþega kýs, og einum flulltrúa, er hæstirjettur tilnefnir. Er hinn síðastnefndi formaður nefndarinnar. Atvinnumálaráðherra tilkynnir þeim, er tilnefna eiga menn í nefndina, að skipa skuli sáttasemjara. Skal tilkynning þessi gefin svo snemma, að vænta megi, að tillaga um skipun sáttasemjara sje komin frá nefndinni til atvinnumálaráðherra viku fyrir þau áramót, er sáttasemjara skal skipa. Nú eru 7 fulltrúar hið fæsta á einu máli um tilnefning, og skal þá sá maður skipaður, er þeir tilnefna. Ella skipar atvinnumálaráðherra sáttasemjara.

Sáttasemjari skal skipaður til 3 ára, og miðast skipun hans við áramót.

Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum, eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari, eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

2. gr.

Sáttasemjara er skylt að kynna sjer nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sjerhvert fjelag vinnusala eða vinnuþega, er samning gerir við annað fjelag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda sáttasemjara tafarlaust afrit af samningnum.

Sáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

3. gr.

Nú rís deila um vinnukjör milli fjelags vinnusala annarsvegar og hinsvegar fjelags vinnuþega eða einstakra vinnuþega, og stöðvast vinna af þeim sökum eða ástæða er til að óttast að svo fari, og skal sáttasemjari þá kveðja hlutaðeigendur til samninga, enda megi ætla, að deilan hafi óheppileg áhrif á atvinnulífið, og samningaumleitunum aðilja sjálfra slitið, hafi þær átt sjer stað. Hvor aðili um sig velur fulltrúa til samninga, og skulu þeir annaðhvort vera í fjelagi, er hlut á að máli, eða í aðalstjórn allsherjarfjelags vinnusala eða vinnuþega. Það er skylda aðilja að hlýða kvaðning sáttasemjara.

4. gr.

Þá er sáttasemjari hefir kvatt til samninga, er honum skylt að reyna að koma á friðsamlegri úrlausn deilunnar, og er honum heimilt að benda aðiljum á miðlunaratriði, er draga mætti til sátta. Svo getur hann og borið fram miðlunartillögu, en ekki má án hans samþykkis gera hana heyrinkunna,

meðan ekki er komið svar beggja aðilja. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu, ber honum að ráðgast um það við tvo fulltrúa hvors aðilja. 55 27 júní

5. gr.

Nú hefir sáttasemjari kvatt til samninga í vinnudeilu og nauðsynlegt þykir, vegna úrslita málsins, að fá rjettan úrskurð um, hversu högum var háttað um atvinnureksturinn, og hefir sáttasemjari þá rjett til að krefja aðilja skýrslu um það. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu, sjeu skýrslur þeirra eigi fullnægjandi, eða að öðru leyti nauðsynlegt málinu til upplýsingar, skal sáttasemjari krefjast um það vitnaleiðslu hjá dómara. Hefir hann rjett til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

6. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í fjelagi vinnusala eða vinnuþega, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi. Þá er atkvæði hafa verið talin, er fjelaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir fjelagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er fjelagi skylt, eftir því, sem við verður komið, að sjá svo um, að sjerhver atkvæðisbær fjelagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild.

7. gr.

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því að eins, að samþykki beggja aðilja komi til.

8. gr.

Laun sáttasemjara og annar kostnaður við frankvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra fær sáttasemjara erindisbrjef og setur þar nánari ákvæði um starfsemi hans.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun sáttasemjara, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

55

27. júní

Ákvæði um stundarsakir:

Á meðan allsherjarfjelag vinnuþega er eigi stofnað, skal Fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík í þess stað skipa í nefnd þá, sem um ræðir í 1. málsgrein 1. gr.

Þegar er lögin hafa öðlast gildi, skal í fyrsta sinni skipa sáttasemjara til ársloka 1928. Ákveður ráðherra, hvenær tillaga um skipun sáttasemjara skuli fram koma í síðasta lagi. Að öðru leyti fer við þessa fyrstu skipun sem segir í 1. málsg. 1. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.